

84

10. júní

REGLUGERÐ

um úthlutun og dreifingu smærri dráttarvéla til landbúnaðarþarfa.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 43 23. maí 1949, um innflutning og úthlutun jeppa-bifreiða til landbúnaðarþarfa o. fl., eru hér með sett eftirfarandi ákvæði.

1. gr.

Nefnd sú, er um ræðir í 2. gr. laga nr. 43/1949, skal auk úthlutunar bifreiða hafa með höndum úthlutun smærri dráttarvéla, er fluttar verða til landsins eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og ekki hefur þá þegar verið úthlutað svo bindandi sé.

Einnig getur nefndin sett ákvæði um sölu þeirra dráttarvéla, er hún úthlutar, í samræmi við ákvæði 8. gr. laganna um sölu bifreiða.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. júní 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

85

11. júní

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða.

Reglugerð nr. 131 23. september 1947, um sölu og afhendingu benzíns og takmörkun á akstri bifreiða, er úr gildi fallin.

Viðskiptamálaráðuneytið, 11. júní 1949.

Emil Jónsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

86

20. júní

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Tónmenntasjóð Stefs“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. júní 1949. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tónmenntasjóð Stefs.

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Tónmenntasjóður Stefs og er eign Stefs, Sambands tónskálda og eigenda flutningsréttar. Stofnfé sjóðsins er kr. 12978.80 — tólf þúsund níu hundruð sjötíu og átta 80/100 krónur, og eru það 8% af tekjuafgangi Stefs til 31. desember 1948.